



Mýrdalshreppur

Erindisbréf Öldungaráðs Mýrdalshrepps

Stjórnskipuleg staða

1. gr.

Öldungaráð Mýrdalshrepps er skipað með vísan til 6.-8. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Hlutverk og markmið

2. gr.

Öldungaráð skal vera sveitarstjórn og ráðum Mýrdalshrepps til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sem varða íbúa sveitarfélagsins 60 ára og eldri. Ráðið getur beint tillögum og ályktunum til sveitarstjórnar og ráða.

3. gr.

Öldungaráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru 60 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og sveitarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við sveitarstjórn að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sveitarfélagsins til íbúa sem eru 60 ára og eldri.

Skipan ráðsins

4. gr.

Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum og tveimur til vara. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og einn til vara. Samherji, félag eldri borgara kýs þrjá fulltrúa og einn til vara. Einn fulltrúi er tilnefndur af heilsugæslunni. Formaður ráðsins er skipaður af sveitarstjórn.

Starfshættir

5. gr.

Öldungaráð skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk árlegs opins fundar með sveitarstjórn.

6. gr.

Formaður boðar til funda og ákveður dagskrá í samráði við sveitarstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins.

7. gr.

Sveitarstjóri eða starfsmaður sem hann tilnefnir skal sitja fundi öldungaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn sveitarfélagsins, í samráði við sveitarstjóra, sem og aðra þá sem talið er þörf á hverju sinni.

8. gr.

Ákvarðanir öldungaráðs Mýrdalshrepps taka formlega gildi við staðfestingu sveitarstjórnar. Öldungaráð getur enga samþykkt eða ályktun gert nema fullskipað sé á fundi.

9. gr.

Fundir ráðsins skulu að öðru leyti fylgja samþykkt sveitarfélagsins Mýrdalshrepps um stjórn og fundarsköp.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps þann XX. XX 2024